

## Guðmundur í München 1923

Í lítilli, brúnni og lúinni minnisbók eru allmargar færslur með rithönd Guðmundar. Þetta eru hugleiðingar og ekki ljóst af hverju eða til hvers Guðmundur semur þær... eða tekur upp úr textum annarra. Færslurnar bregða ef til vill ljósi á huga myndlistarnemans úr íslenskri sveit í erlendri stórborg.

Mánudagur 1. janúar 1923

Lífið er einn stór áfangi og þess vegna verður hver dagur að hafa markmið.

Þriðjudagur 2. janúar

Hve feginn vildi ég að samviska mín fyndi eitt sannleikskorn á degi hverjum og Guð gæfi mér lán til að sá því, mér og öðrum til góðs.

Miðvikudagur 3. janúar

Með dögum og árum vaxa mönnum vængir, sumum stærri, öðrum smærri - vængjatak hvers er takmark.

Fimmtudagur 4. janúar

Hvaða þýðingu hafa halastjörnur? Mikilmenni eða nýir straumar?

Föstudagur 12. janúar

Sá sem enga trú hefur á heiminum - lífinu - hefur einskis góðs að vænta hér eða annars staðar?

Laugardagur 13. janúar

Kúbismi er resept sem hver miðlungsmaður getur numið úr visst kvantum af viðleitni.

Sunnudagur 14. janúar

Um leið og börn jarðarinnar fullkomnast, fækkar andstæðunum og þær stækka.

Mánudagur 15. janúar

Hlutverk kennarans er að gjöra lærisveininn óánægðan með verk sín.

Þriðjudagur 16. janúar

Afbryðissemín er vöntun á tiltrú.

Föstudagur 19. janúar

Að undantekinni samviskunni er manningum allt í sjálfsvald sett.

Sunnudagur 21. janúar

Hvaða dyggð er duttlungasamari en meðaumkunin?

Þriðjudagur 23. janúar

Getur einn líkami dáíð tvisvar eða oftár?

Miðvikudagur 24. janúar

Í hvers konar tilfalli getur sálin brenglast - umturnast?

Föstudagur 26. janúar

Í staðinn fyrir trúarofstæki ætti að koma skyldurækni, ættjarðarást, nánari kynning -  
kærleikur.

Miðvikudagur 31. janúar

Allir kvenlistamenn vinna til einskis af því þeir ætla sér að vinna eins og karlmenn.

Laugardagur 3. febrúar

Í myrkri eru allar kýr svartar.

Miðvikudagur 7. febrúar

Aldamótahreyfingin skiptir máli í sambandi við framtíð Reykjavíkur - alls Íslands.

Föstudagur 9. febrúar

Með jurtafæðu mætti stækka og vitka mannkynið á mörgum öldum - og þar með  
koma í veg fyrir úrættun þá sem kjötát og þar af leiðandi illska orsakar - samanber  
mörg er... (texta vantar).

Miðvikudagur 14. febrúar

Mótstaðan gerir mennina mikla en ekki góða.

Föstudagur 16. febrúar (á þýsku - hér þýtt)

Einstaklingsvitund og persónuleiki eru tvennt ólíkt.

Föstudagur 23. febrúar

Óvenjulegar hugsanir er erfitt að klæða í náttúrulegt form.

Þriðjudagur 27. febrúar

Það er óþarfi að dæma það sem illt er, því tíminn er réttvís.

Föstudagur 9. mars

Fyrir málaranum: Hreinir penslar og góð samviska.

Fyrir myndhöggvarann: Beittir meitlar og sterkur vilji.

Fyrir teiknarann: Fá áhöld og fljótar ákvarðanir.

Fyrir koparstungumanninn: Oddhvasst grefill og endalaus þolinmæði.

Föstudagur 16. mars

Fjöll - frjálst upplit.

Slétta - stórir fætur.

Sjór - signar brúnir.

Laugardagur 17. mars

Hver borg á þá listamenn sem hún á skilið.

Sunnudagur 18. mars

Það er áriðandi að gleyma því sem ekki er hægt að gleyma.

Föstudagur 30. mars.

Ég er mikill barna- og hundavinur. Þess vegna verður atvik sem ég sá í dag lengi minnisstætt. Kona leiddi hund og ungabarn gegnum þröng stræti. Konan var helmingis til of feit, hundurinn helmingi feitari, en barnið hefði mátt vera helmingi betur í skinn komið og gatan hefði átt að vera eins mörgum helmingum breiðari og allir þessir helmingar til samans. Ég var að reyna að koma jafnvægi á huga minn sem þessi útreikningur hafði sundrað þegar ég sé að vagnflikki eitt kemur á fleygiferð beint á þessa ójöfnu þrenningu. En þá skeði helmingi meiri ójöfnuður en þegar Guð bannaði okkar ósælu forfeðrum að eta epli - því konan bjargaði hundgreyinu við illan leik, það Guð að hjálpa sér en barnið hvarf á milli járnvarðra hesthófa og fjögurra hjóla sem hvert um sig hefði umsvifalaust malað þúsund ára gamla skjaldböku.

Föstudagur 13. mars

Það er sagt að afbrýðissemin sé lífsseigari en ástin en ég vil snúa því um og segja að öfundskýkin lifi í rústum eigingirninnar.

Föstudagur 18. maí

Brot úr mannkynssögu.

Goethe: Skrifaði svo sjálfbirgingslegar bækur að Þjóðverjar töpuðu einstaklingseðlinu.

Wagner: Drap í þeim hljómlistargáfuna með messing músík.

Klinger: Sá um að eyðileggja það sem eftir var af skynfærum þeirra.

Bismark: Sameinaði þá (60 milljónir) til að gera keisaranum það mögulegt að leggja þá alla í einu á höggstokkinn.

Mánudagur 21. maí

Ef réttmætt er að nota orðið framþróun, þá er líka til orðið afturþróun.

Þriðjudagur 23. maí

Sál minni gæti ég líkt við mynd sem hefur brotnað en verið sett svo saman að hún brotnað aldrei á sama stað aftur. Að lokum geta brot brotanna ekki tvístrast.

22. júní

Ástvana maður

sem engum trúir

og hefur gull fyrir gaman

finnur ei leiðir

fagurra lista

né háseti himinsdýrðar.

